

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 934. fundi sínum 22. september 2021 breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis - verslun og þjónusta í Ráðagerði.

Í breytingunni felst að lóðinni Ráðagerði er breytt úr íbúðalóð í lóð undir starfsemi. Heimilaður er rekstur veitingahúss í flokki II ásamt því að gert er ráð fyrir dvalarsvæðum á pöllum auk lítillar byggingar úr gleri undir veitingastarfsemi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 8. nóvember 2021,

Brynjar Þór Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2021